



LSBÍ

YFIRLÝSING VEGNA HELSTU
NEIKVÆÐU ÁHRIFA
FJÁRFESTINGAÁKVARÐANA Á
SJÁLFBÆRNIÞÆTTI

TILGANGUR

Yfirlýsing þessari er ætlað að lýsa því hvernig eða hvort Lífeyrissjóður starfsmanna Búnaðarbanka Íslands hf. tekur tillit til helstu neikvæðu áhrifa fjárfestingarákvarðana á sjálfbærniþætti. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2088 („SFDR“) hefur verið innleidd í íslenskan rétt með lögum nr. 25/2023 um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar. Lífeyrissjóði starfsmanna Búnaðarbanka er skylt, skv. 1. mgr. 4. gr. SFDR, að birta á vefsíðum sínum uppfærðar upplýsingar um hvernig eða hvort tekið er tillit til neikvæðra áhrifa fjárfestingarákvarðana sjóðsins á sjálfbærniþætti.

YFIRLÝSING

Í samræmi við 4. gr. SFDR reglugerðarinnar upplýsir Lífeyrissjóður starfsmanna Búnaðarbanka hér með að sjóðurinn tekur að svo stöddu ekki tillit til neikvæðra áhrifa fjárfestingarákvarðana á sjálfbærniþætti eins og þeir birtast í 4. gr. SFDR.

Ástæða þess er sú að núverandi stefna um ábyrgar fjárfestingar sjóðsins ásamt því vinnulagi sem sjóðurinn tileinkar sér er ásættanlegt og sniðið að fjárfestingarstefnu sjóðsins. Lífeyrissjóður starfsmanna búnaðarbanka mun fylgjast með þróun á eftirliti m.t.t. SFDR og annarra gildandi laga og reglugerða sem miða að UFS-þáttum.

SAMANTEKT Á EIGENDASTEFNU LSBÍ

Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri í samkvæmt gildandi lögum og samþykktum. Sjóðurinn hefur það að markmiði að hámarka ávöxtun á eignum sjóðfélaga til lengri tíma litið að teknu tilliti til áhættu og hámarka þannig lífeyrisréttindi þeirra að lokinni starfsævi. Sjóðurinn leggur áherslu á málefni umhverfis-, félags- og stjórnaðráttanna við fjárfestingarákvarðanir sínar og er meðvitaður um þá staðreynd að þær ákvarðanir hafa áhrif á ólíka hagaðila og samfélagið í heild.

Hluthafastefnan sem aðgengileg er á heimasíðu sjóðsins markar stefnu LSBÍ í stjórnarháttum sjóðsins sem hluthafi í félögum sem hann fjárfestir í. Stefnunni er ætlað að stuðla að faglegum samskiptum við stjórnir félaga sem sjóðurinn á hlut í sem og annarra hluthafa, auka gagnsæi í störfum sjóðsins og trúverðugleika á markaði.

Hluthafastefna sjóðsins, sem er aðgengileg á heimasíðu sjóðsins, snertir meðal annars á gildissviði hennar, samkeppnissjónarmiðum, hvernig atkvæðagreiðslu á hluthafafundum er háttað, val og kröfur til stjórnarmanna og samskipti við stjórnarmenn í félögum sem sjóðurinn fer með eignarhlut í. Einnig er gerð krafa um að starfskjarastefna félaga sem sjóðurinn fer með eignarhlut í uppfylli hlutafélagalög.

FYLGNI VIÐ ALÞJÓÐLEGA STAÐLA

Almennt gerir sjóðurinn kröfu um eignastýringaraðili sjóðsins sé aðili að meginreglum Sameinuðu þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar (UN PRI) og horfi því til umhverfismála, félagslegra þátta og stjórnaðráttanna við mat og ákvarðanir á fjárfestingum. Einnig horfir sjóðurinn til alþjóðlegra meginreglna Sameinuðu þjóðanna um samfélagsábyrgð (UN Global Compact) í fjárfestingum sínum.

Útgáfa 1.0

Júní 2024